

**Ed. 461. Frumvarp til laga [202. máli]**  
um breyting á lögum nr. 61, 19. maí 1971 um breyting á lögum nr. 30, 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

2. málsgrein 2. greinar laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðastliðin áramót rann út frestur sá, sem ráðherra hafði heimild til að leyfa slátrun í ólökkiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi áunnist í endurbyggingu sláturhúsa, er fyrirsjáanlegt, að enn um sinn verður að leyfa slátrun í ólökkiltum húsum, þar sem slátrun verður framkvæmd á viðunandi hátt að mati yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis.

Ber því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að samhljóða meðmæli yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis þurfi að vera til grundvallar undanþáguleyfi til slátrunar.

Ákvæði þetta er að þessu leyti aftur samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 30/1966, en greininni var breytt með lögum nr. 61/1971 á þann veg, að nægjanlegt var, að annaðhvort yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir mæltu með slátrun í viðkomandi húsi, til þess að ráðherra gæti veitt sláturleyfi.